

**635. fundur bæjarráðs Vesturbyggðar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar að Aðalstræti 63, Patreksfirði,  
miðvikudaginn 1. febrúar 2012 og hófst hann kl. 14:00.**

**Fundinn sátu:**

Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) formaður, Guðrún Eggertsdóttir (GE), Ásthildur Sturludóttir (ÁS), bæjarstjóri.

Ásgeir Sveinsson boðaði forföll, ekki náðist í varamann. Guðrún Eggertsdóttir sat fundinn í fjarveru Arnheiðar Jónsdóttur.

**Fundargerð ritaði:** Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri.

**Dagskrá:**

- 1. 1201009F - Bæjarráð – 633.**  
Lögð fram fundargerð bæjarráðs nr. 633 til kynningar.
- 2. 1201010F - Bæjarráð – 634.**  
Lögð fram fundargerð bæjarráðs nr. 634 til kynningar.
- 3. 1201045 - BÍS góðverk dagsins 2012.**  
Lögð fram styrkbeiðni frá Bandalagi íslenskra skáta vegna verkefnisins "Góðverk dagsins". Samþykkt að styrkja BÍS um 30 þúsund krónur vegna verkefnisins. Bæjarráð hvetur skátafélagið á Patreksfirði til að taka þátt í verkefninu.
- 4. 1201044 - Endurnýjun samninga Umhverfissráðuneytis og Náttúrustofu.**  
Lagt fram til kynningar bréf frá Umhverfissráðuneyti um endurnýjun samninga umhverfissráðuneytis og náttúrustofa.
- 5. 1201042 - Saman-hópurinn forvarnarstarf 1012.**  
Lögð fram beiðni um fjárstuðning við fornvarnarstarf SAMAN-hópsins á árinu 2012. Bæjarráð samþykkir 10 þúsund króna styrk til Saman-hópsins.
- 6. 1201041 - Landgræðslan verkefnið "Bændur græða landið".**  
Lögð fram styrkbeiðni frá Landgræðslunni vegna verkefnisins "Bændur græða landið". Frá Vesturbyggð eru skráðir 8 þátttakendur í verkefninu. Bæjarráð samþykkir 40 þúsund króna styrk vegna þess.
- 7. 1201052 - Velferðarráðuneytið styrkúthlutun verkefnið "langveik börn og börn með ofvirkni".**  
Lagt fram bréf frá Velferðarráðuneyti þar sem Vesturbyggð stendur til boða 1.420 þúsund króna styrkur til verkefna í þágu langveikra barna og barna með ADHD-greiningu.  
Bæjarráð þakkar stuðninginn og félagsmálastjóra falið að svara velferðarráðuneytinu og þiggja styrkinn.
- 8. 1201007 – Mötuneyti.**  
Rætt um málefni skólamötuneytis á Patreksfirði.  
Lagt fram tilboð frá Matstofunni Þorpinu. Bæjarráð sér sér ekki fært að gangast að því tilboði sem lagt var fram.  
Bæjarráð felur bæjarstjóra að leita leiða til að leysa skólamötuneytismál á

Patreksfirði til vors.

- 9. 1201058 - Trúnaðarmál - bæjarráð.**  
Trúnaðarmál fært í trúnaðarmálabók.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:21.**